

Ársskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands
Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent

Kápumynd: Pétur Guðmundsson

Umbrot: Steinunn Björk Bjarkard. Pieper

© 2011 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032


Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
AÐILDARFÉLÖG OG STJÓRN	3
Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn	3
FJÁRMÁL OG REKSTUR	4
Fjármál	4
Starfsmannamál og skrifstofuhald	4
Húsnæðismál	4
Bókasafnið	5
Heimasíða og vefsetur um mannréttindi	5
STARFSEMIN INNANLANDS	6
Aðstoð og upplýsingagjöf	6
Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur	6
Samráðsfundir með stjórnvöldum	7
Ár fátæktar: Evrópuár 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun	7
Ráðstefnur og námskeið	7
Árleg ráðstefna og fundur Samtaka mannréttindastofnana í Evrópu (AHRI)	7
Ráðstefna um jafnrétti og bann við mismunun	8
Doktorsnemanámskeið um fullgildingu mannréttinasáttmála	9
Námskeið um UPR eða skýrslugerð frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda	10
Stop trafficking and stand for Health	10
Fundir og viðburðir	10
Opinn fundur í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti	10
Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna - opinn fundur	11
Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti	12
Alþjóðadagur flóttamanna	12
16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi	13
Önnur samstarfsverkefni	14
Allar heimsins konur	15
Framlag til funda og málstofa	15
Auglýsingaherferð gegn mismunun	15
Mannréttindafræðsla og fræðsluefni	15
Útgefið efni	16
Ragnarsbók	16
Bann við mismunun	17
Réttur þinn	17
Fjólmiðlar og opinber umfjöllun	18
Styrkir til rannsókna og fleira	18
Progress	18
Réttarstaða aldraðra	18
Réttarstaða transgender fólks á Íslandi	19
Mannréttindi og viðskipti	19
ERLENT SAMSTARF	20
Human Rights Education Project	20
AHRI - The Association of Human Rights Institutes	21
Sameinuðu þjóðirnar	22
Evrópuráðið	22
Evrópusambandið	22
Norrænt samstarf	23

INNGANGUR

framkvæmdastjóra



Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð í Almennagjá á Þingvöllum hinn 17. júní 1994. Að MRSÍ standa fjórtán félagasamtök og stofnanir, sem öll vinna að mannréttindum, bæði hér á landi og á heimsvísu. Aðildarfélög skrifstofunnar eru: Biskupsstofa, Barnaheill, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Hjálparstofnun kirkjunnar, Íslandsdeild Amnesty International, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Landssamtökin Proskahjálp, Rauði kross Íslands, Samtökin '78, Siðmennt - félag Siðrænna húmanista, Unifem á Íslandi og Öryrkjabandalagið.

Mannréttindaskrifstofan er óháð, hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka eða stefnur og tekur ekki afstöðu til einstakra mála innanlands nema þau snerti mannréttindi sérstaklega. Afstöðu skrifstofunnar til mannréttinda á Íslandi má einkum ráða af umsögnum hennar um einstök lagafrumvörp sem og í skýrslum til ýmissa alþjóðastofnana um stöðu mannréttinda á Íslandi.

Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda innanlands, jafnt sem á alþjóðlegum vettvangi. Það gerir skrifstofan með því að safna og miðla upplýsingum um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð fyrir eftirlitsnefndir Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið. Helstu verkefni síðustu ára eru málþing um mannréttindi, fræðsla í framhaldsskólum, átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuvika gegn rásisma, að svara fyrirspurnum og erindum sem berast frá einstaklingum og stofnunum, innlendum og erlendum, skýrslugerð, umsagnir, uppbygging bókasafns, útgáfa ritraðar, uppbygging og viðhald heimasíðu. Þá kemur Mannréttindaskrifstofa fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. AHRI (Association of Human Rights Institutes), COST verkefni Evrópusambandsins, HREP-verkefni með Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna og í norrænu samstarfi auk þátttöku í alþjóðasamtökum er vinna að ákveðnum málefnum, s.s. UNITED, FIDH og OP-ESCR. Árið 2011 verður einnig þriðja árið sem skrifstofan hefur með höndum umsjón með Progress- sem er áætlun Evrópusambandsins um atvinnu og félagslega samstöðu.

Meginþættir starfs skrifstofunnar fyrir utan hefðbundin verkefni á árinu 2010 voru skipulagning ársfundar og 10 ára afmælisráðstefnu AHRI sem haldin voru á Íslandi 12.-14. september, skipulagning og þátttaka í heimsókn

Mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna þann 16. júní í samvinnu við utanríkisráðuneytið, skipulagning og utanumhald námskeiðs fyrir doktorsnema í mannréttindum 6.-12. september sl., í samvinnu við norsku mannréttindastofnunina, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík og loks var haldin alþjóðleg ráðstefna í samvinnu við Háskóla Íslands dagana 26.-27. október og var hún styrkt af Progress áætlun ESB. Að vanda var unninn fjöldi umsagna um lagafrumvörp, fyrirlestrahald var nokkuð, vinna við alþjóðlega mannréttindafræðsluverkefnið Human Rights Education Project, og vinna við ritröð var töluverð. Í samstarfi við Barnaheill og Unicef á Íslandi var unnin skýrsla fyrir Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna og unnið að UPR (Universal Periodic Review) skýrslu til skrifstofu Mannréttindafulltrúa Sp og og skrifstofan svaraði á tímabilinu margvíslegum fyrirspurning frá skrifstofu mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins. Áfram var unnið að uppbyggingu heimasíðu og vefseturs um mannréttindi og skráningu og styrkingu bókasafnsins. Þá fór jafnframt mikil vinna í skipulagningu 16 daga átaks gegn kynbundu ofbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti sem hvort tveggja tókst afar vel. Eins og áður, fór mikill tími í umsóknir um styrki. Hins vegar hefur Mannréttindaskrifstofan, frá árinu 2008, fengið 10 milljóna króna styrk frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti (nú innanríkisráðuneyti) sem styrkir mjög við starfsemi skrifstofunnar þó þörf sé viðbótarfjár til að skrifstofan fái sinnt öllum þeim verkefnum sem henni eru ætluð. MRSÍ hefur skapað sér virðingu og traust fjölmíðla því nær undantekningalaust er leitað til hennar þegar mannréttindamál eru til umfjöllunar.

Ýmislegt markvert gerðist á árinu hvað varðar aukna mannréttindavernd. Sem dæmi má nefna að nú gilda ein hjúskaparlög fyrir alla óháð kynhneigð (og á tíðum uppruna). Lögum um útlandinga var breytt til að skýra og bæta réttarstöðu hælisleitenda og fórnarlamba mansals, sem og til að rýmka heimild til veitingar dvalarleyfa af mannúðarástæðum. Jafnframt var gerð breyting á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, þar sem felld var úr gildi undanþáguheimild varðandi bann við nektarsýningum. Þá hefur með lögum verið stofnað embætti umboðsmanns skuldara til að gæta hagsmuna og réttinda einstaklinga sem eiga í greiðsluferfiðleikum.

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri.

AÐILDARFÉLÖG

og stjórn

Aðildarfélag og stjórn

Á aðalfundi 2010 voru tilnefningar til stjórnar og kjörnefndar samþykktar samhljóða. Oddný Mjöll Arnardóttir, aðalfulltrúi Háskólans í Reykjavík, var kjörin formaður, Halldór Gunnarsson, varafultrúi Proskahjálpar var kjörinn varaformaður og Bjarni Jónsson, aðalfulltrúi Siðmenntar, var kjörinn gjaldkeri. Í kjörnefnd sitja nú Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir og Petrína Ásgeirsdóttir. Endurskoðandi er Hjalti H. Eiríksson hjá Deloitte & Touche. Sérfræðingar stjórnar eru sem áður Guðmundur Alfreðsson, Jakob Möller og Hjördís Hákonardóttir.

Aðildarfélag og fulltrúar í stjórn eftir aðalfund voru sem hér segir:

Amnesty International Íslandsdeild:

Aðalfulltrúi: Brynhildur G. Flóvenz
Varafultrúi: Jóhanna K. Eyjólfsson

Barnaheill:

Aðalfulltrúi: Guðrún Kristinsdóttir
Varafultrúi: Petrína Ásgeirsdóttir

Biskupsstofa:

Aðalfulltrúi: Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir
Varafultrúi: Toshiaki Toma

Háskólinn á Akureyri:

Aðalfulltrúi: Ágúst P. Arnason
Varafultrúi: Dögg Káradóttir

Háskólinn í Reykjavík:

Aðalfulltrúi: Oddný Mjöll Arnardóttir
Varafultrúi: Guðrún Gauksdóttir

Hjálparstarf kirkjunnar:

Aðalfulltrúi: Anna M. P. Ólafsdóttir
Varafultrúi: Jónas Þórisson

Jafnréttisstofa:

Aðalfulltrúi: Huguína R. Hjaltadóttir
Varafultrúi: Kristín Ástgeirsdóttir

Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfulltrúi: Ragnhildur Guðmundsdóttir
Varafultrúi: Ótilnefndur

Rauði krossinn:

Aðalfulltrúi: Sólveig Ólafsdóttir
Varafultrúi: Kristján Sturluson

Samtökin '78:

Aðalfulltrúi: Anna Jonna Ármannsdóttir
Varafultrúi: Sigurður Júlíus Guðmundsson

Siðmennt - Félag siðrænna húanista:

Aðalfulltrúi: Bjarni Jónsson
Varafultrúi: Hope Knútsson

UN Women á Íslandi:

Aðalfulltrúi: Inga Dóra Pétursdóttir
Varafultrúi: Ragna Sara Jónsdóttir

Landssamtökin Proskahjálpar:

Aðalfulltrúi: Gerður A. Árnadóttir
Varafultrúi: Halldór Gunnarsson

Öryrkjabandalag Íslands

Aðalfulltrúi: Guðmundur Magnússon
Varafultrúi: Lilja Þorgeirsdóttir

FJÁRMÁL

og rekstur

Fjármál

Framlag stjórnvalda var 10 milljónir króna sem veittar voru úr mannréttindasjóði dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Óskað var eftir óskilyrtu framlagi frá Alþingi sem er í raun forsenda þess að MRSÍ geti haldið úti starfsemi sinni sem vera ber, en það gekk ekki eftir. Þá var framlengt samstarfssamningi við utanríkisráðuneytið, en hann hefur verið skrifstofunni afar mikilvægur. Mikill akkur var af stuðningi úr PROGRESS-sjóði ESB. Kann skrifstofan ofangreindum aðilum auk annarra þeirra aðila sem veittu skrifstofunni stuðning á árinu bestu þakkir fyrir.

Til að létta undir með fjármálum skrifstofunnar og til að nýta reynslu sína og þekkingu, tók framkvæmdastjóri MRSÍ að sér 30% starf, frá ágústbyrjun, við lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur á vegum Reykjavíkurborgar.

Starfsmannamál og skrifstofuhald

Guðrún D. Guðmundsdóttir lét af starfi framkvæmdastjóra um miðjan mars 2010. Þakkar stjórn MRSÍ henni einstaklega vel unnið starf, sem einkenndist af fagmennsku, áhuga og heilindum. Við starfi hennar tók Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur. Kolbrún Birna Árdal lögfræðingur starfaði hjá

skrifstofunni fram í október en Neil Kelleher, sem gegndi 20% starfi, lét af störfum í september. Steinunn Björk Bjarkard. Pieper MA gegndi 90% starfi á árinu sem verkefnastjóri og Jóna Aðalheiður Pálmadóttir lögfræðingur hefur unnið að ýmsum verkefnum fyrir skrifstofuna, bæði endurgjaldslaust og sem verktaki. Um bókhald skrifstofunnar sér Kolbrún Sigríður Hilmarsdóttir, bókari. Framkvæmdstjóri og stjórn MRSÍ þakka starfsfólki og aðstoðarfólki einstaklega vel unnin störf á árinu og ánægjulegt samstarf.

Að vanda barst fjöldi innlendra og erlendra starfsumsóknna og fyrirspurna um möguleika á starfsþjálfun en vorið 2011 verður tekið á móti laganema frá Slóveníu í starfsþjálfun.

Húsnæðismál

Í byrjun september flutti Mannréttindaskrifstofan starfsemi sína frá Hafnarstræti 20 að Hallveigarstöðum, Túngötu 14. Húsnæðið hentar starfsemi skrifstofunnar að öllu leyti afar vel. Framkvæmdastjóri og starfsfólk hafa nú fengið eigin skrifstofur og þar með betri vinnuáætlaður, fundaraðstaða hefur batnað til muna, og í fyrsta sinn í starfsemi skrifstofunnar er nú bókasafninu komið fyrir í eigin herbergi á viðunandi máta.



Mannréttindaskrifstofan flutti á árinu að Hallveigarstöðum við Túngötu 14, 1. hæð í 101 Reykjavík. Bæði staðsetning og aðgengi eru með besta móti og einnig fer nú betur um starfsmenn skrifstofunnar enda húsnæðið rúmgott og bjart.

Bókasafnið

Frá stofnun MRSÍ hefur verið unnið að uppbyggingu sérhæfðs bókasafns með fræðibókum, kennsluefni og tímaritum um mannréttindamál, en skrifstofan er áskrifandi að Human Rights Quarterly og greinasöfnunum Hein-on-Line og Questia. Ekkert annað slíkt bókasafn er til á Íslandi en mikið er leitað til skrifstofunnar af sérfræðingum, nemendum og kennurum, sem og almenningi, eftir efni um mannréttindamál.

Eins og áður segir hefur aðstaða bókasafnsins nú batnað til muna í nýju húsnæði en því hefur verið útbúin séraðstaða með nettengdri tölvu og skrifborði, og hún er öllum opin. Önnur nýjung varðandi starfsemi bókasafnsins er sú, að nú má á heimasíðu skrifstofunnar finna leitarvél frá Gegni sem leitar einungis innan bókasafns MRSÍ.

Heimasíða og vefsetur um mannréttindi

Tilaðauðvelda aðgengi að upplýsingum um mannréttindamál hefur um nokkurstíð verið unnið að endurbótum á heimasíðu skrifstofunnar og söfnun gagna í umfangsmikinn gagnvirkan gagnagrunn um mannréttindamál á Íslandi, og erlendis.

Glæsileg heimasíða skrifstofunnar er sífellt að stækka í sniðum en þar er að finna vefsetur um mannréttindi sem inniheldur m.a.: a) greinar um ýmsa þætti mannréttinda, b) greinar um ákveðna hópa og réttindi þeirra s.s. konur og börn, c) skýrslur til nefnda og ráðuneyta, d) innlend lög og helstu alþjóðasamninga, e) efni frá Sameinuðu þjóðunum, f) dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla o.fl.


Þá er að finna á síðunni efni úr alþjóðlega rannsóknarverkefni Human Rights Education Project (HREP) auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi.

Uppsetningu vefseturs um mannréttindi, *Mannréttindi og Ísland*, sem styrkt var af Reykjavíkurdæld Rauða krossins, er lokið og er það uppfært reglulega.

Á heimasíðunni er einnig að finna upplýsingasíður skrifstofunnar um 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, Progress-verkefni ársins, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Kvennasáttmálann, vefleikinn Flóttta og Takk-herferðina. Síðurnar eru uppfærðar eftir föngum og á síðu Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti er t.d. verið að safna saman ýmsu fræðsluefni fyrir unglinga og börn um málaflokkinn.

Ritið Bann við mismunun sem styrkt var af Progress-áætlun Evrópusambandsins er að finna á sérstökum vef á heimasíðu skrifstofunnar: <http://www.humanrights.is/bann-vid-mismunun>

Bókasafn Mannréttindaskrifstofu er nú aðgengilegra en áður í nýjum húsakynnum skrifstofunnar. Á bókasafninu má fá lánaðar bækur og einnig býður hin nýja aðstaða upp á skrifborð og tölvu, náms- og lestrarnæði.



STARFSEMIN

innanlands

Aðstoð og upplýsingagjöf

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum og stofnunum eftir upplýsingum um mannréttindamál. Framkvæmdastjóri og starfsmenn aðstoðuðu eftir föngum en þar sem, auk framkvæmdastjóra, var aðeins einn starfsmaður á skrifstofunni í lok árs hefur reynt æ erfiðara um vik að sinna þessum erindum svo vel sé.

Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

Á tímabilinu hefur talsverð vinna verið lögð í umsagnir um lagafrumvörp enda hafa mörg frumvörp verið lögð fram þar sem mannréttindaákvæði koma til álita. Helstar voru eftirfarandi umsagnir:

- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum, 139. löggjafarþing 2010 – 2011, þskj. nr. 298 – 256. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög), 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 836-485. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (kynferðisbrot), 139. löggjafarþing 2010-2011, þskj. 49 - 48. mál.

- Umsögn um frumvarp til laga um fjölmiðla, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 740 – 423. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um útlendinga (hælimál, dvalarleyfi fórnarlamba mansals) nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 187 – 168. mál.
- Umsögn um breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, þskj. 181-163. mál.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, 139. löggjafarþing 2010-2011. Þskj. nr. 233 – 211. mál..
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 947 – 557. mál.
- Umsögn um tillögur nefndar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifróvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 861 – 495. mál..
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu mansalsbókunar við Palermó-samninginn, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 915 – 526. mál.



Mannréttindaskrifstofan gerði umsagnir um fjölda lagafrumvarpa og árinu og átti fund með þingnefndum til að fylgja umsögnunum eftir.

Samráðsfundir með stjórnvöldum

Framkvæmdastjóri er fulltrúi Mannréttindaskrifstofu í teymi um málefni innflytjenda, sem er samráðsvettvangur stofnana ríkis og sveitarfélaga, fyrirtækja og frjálsra félagasamtaka sem vinna að málefnum innflytjenda. Hún er einnig í 30% starfi hjá Reykjavíkurborg sem ráðgjafi fyrir innflytjendur.

Framkvæmdastjóri átti einnig sæti í vinnuhópi Velferðarvaktarinnar sem skoðaði stöðu þeirra sem höllum fæti stóðu fyrir hrun, s.s. ákveðins hóps innflytjenda, öryrkja, ellilífeyrisþega og einstæðra foreldra. Gerður var samanburður á stöðu þeirra fyrir hrun og tveimur árum síðar og tillögur gerðar um úrbætur.

Framkvæmdastjóri situr í samningahópi um dóms- og innanríkismál en hlutverk hans er að annast undirbúning aðildarviðræðna við ESB að því er varðar kafla 23 (Réttarvarsla og grundvallarréttindi) og 24 (Dóms- og innanríkismál). Hópurinn skal vera samninganefnd og aðalsamningamanni til ráðgjafar meðan á aðildarviðræðum stendur.

Framkvæmdastjóri sat fund í dómsmálaráðuneyti um meðferð nauðgunarmála í réttarvörslukerfinu. Boðaði ráðherra til fundarins og auk framkvæmdastjóra MRSÍ sátu hann fulltrúar lögreglu, ríkissaksóknara, frjálsra félagasamtaka sem vinna með þolendum ofbeldis, þingmenn og starfsmenn ráðuneytisins.

Ár fátæktar: Evrópuár 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun

Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu sat í stýrihópi Evrópuárs 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun en hópurinn skipulagði viðburði þar sem m.a. sérfræðingar á sviði fátæktar og félagslegrar einangrunar ræddu rannsóknir

sínar og leiðir til úrbóta. Mörgum verkefnum og rannsóknum á þessu sviði var einnig ýtt úr vör og sumar þeirra kynntar almenningi í lok árs.

Megintilgangur verkefnisins var að auka vitund almennings um aðstæður þeirra einstaklinga sem búa við fátækt og félagslega einangrun, en að sama skapi að vinna að því að gera fólki kleift að rjúfa vítahring fátæktar og félagslega einangrun. Framkvæmdaaðili Evrópuársins 2010 á Íslandi var félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Ráðstefnur og námskeið

Mannréttindaskrifstofan stóð að tveimur stórum alþjóðlegum ráðstefnum á árinu, annars vegar AHRI og hins vegar ráðstefnu um mismunun, *Equality into Reality*.

Skrifstofan stóð einnig fyrir tveimur námskeiðum, annað fyrir doktorsnema og hitt fyrir lögfræðinga.

Árleg ráðstefna og fundur Samtaka mannréttindastofnana í Evrópu (AHRI)

Dagana 13.-14. september stóð Mannréttindaskrifstofan að skipulagningu árlegrar ráðstefnu AHRI í samvinnu við norsku mannréttindastofnunina. Ráðstefnan var haldin í Reykjavík, nánar tiltekið í nýjum og glæsilegum salakynnum Háskóla Reykjavíkur.

Samtökin voru stofnuð á Íslandi í september árið 2000 og því þótti tilvalið að halda upp á 10 ára áfangann hér. Þess má geta að fyrsti formaður AHRI var þáverandi framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, Bjarney Friðriksdóttir.

Sem stendur eru 32 mannréttindastofnanir meðlimir í AHRI, en allar stunda þær rannsóknir og fræðslu um mannréttindi.

Þema ráðstefnunnar var: *Reforming Human Rights Institutions: Progress and Status*. Á ráðstefnunni fluttu

Myndir frá AHRI ráðstefnunni í september:

Dr. Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík og Björg Thorarensen, formaður Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og prófessor við lagadeild HÍ.

Maria Sommardahl ritari AHRI, Nils A. Butenschøn núverandi formaður AHRI og Margot Salomon í panel seinni daginn.

Dr. Martin Scheinin, sérlegur sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi í baráttunni gegn hryðjuverkum.





Framkvæmdastjóri var fundarstjóri á ráðstefnu um mismunartilskipanir Evrópusambandsins. Lagadeild Háskóla Íslands skipulagði ráðstefnuna í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu.

margir mikilsmetnir sérfræðingar á sviði mannréttinda erindi um framþróun og endurbætur innan mannréttindastofnana, þar á meðal: Nils A. Butenschøn, núverandi formaður AHRI og framkvæmdastjóri norsku mannréttindastofnunarinnar, Dr. Martin Scheinin, sérlegur sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi í baráttunni gegn hryðjuverkum, Jan Helgesen frá Mannréttindaskrifstofu Noregs og í stjórn Feneyjanefndar Evrópuráðsins, Jan Wouters, prófessor í alþjóðalögum og alþjóðastofnunum við Leuven Centre for Global Governance Studies / Institute for International Law, University of Leuven, Philip Leach, prófessor í mannréttindum og framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar um Mannréttindi og Félagslegt réttlæti við London Metropolitan University, Manfred Nowak, prófessor við Vínarháskóla og framkvæmdastjóri Ludwig Boltzmann Institut für Menschenrechte.

Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu stjórnaði málþingi annan daginn og fulltrúar íslensks fræðasamfélags voru Dr. Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Björg Thorarensen, formaður Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og prófessor við lagadeild HÍ, og Rachael Lorna Johnstone, dósent við Háskólann á Akureyri. Alls sóttu um 80 þátttakendur ráðstefnuna, flestir erlendis frá og flestir lögfræðingar.

Mannréttindastofnunum er boðið að sækja um inngöngu í AHRI og er fulltrúum þeirra boðið að flytja umsókn sína á árlegum fundi samtakanna. Markmið AHRI er að stuðla að rannsóknum, fræðslu og umræðu á sviði mannréttinda, og fá þær stofnanir sem uppfylla skilyrðin inngöngu, en þær verða einnig að afla meðmælenda. Á ráðstefnunni var Mannréttindastofnun Háskóla Íslands boðin velkomin í samtökin; Björg Thorarensen fylgdi umsókn stofnunarinnar eftir en Mannréttindaskrifstofa Íslands hlaut þann heiður að vera meðmælandi hennar.

Ráðstefna um jafnrétti og bann við mismunun

Í lok október var haldin alþjóðleg ráðstefna um jafnrétti og bann við mismunun undir heitinu *Equality into Reality: Action for Diversity and Non-discrimination in Iceland*. Ráðstefnan var haldin dagana 26. og 27. október á Þjóðminjasafni Íslands við góðar undirtektir þátttakenda, en meðal þeirra voru fulltrúar ýmissa hagsmunahópa, s.s. Öryrkjabandalags Íslands og innflytjenda. Með ráðstefnunni var bundinn endahnútur á rannsóknarverkefni á vegum lagadeildar Háskóla Íslands en ráðstefnan var skipulögð í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu og styrkt af PROGRESS áætlun Evrópusambandsins. Markmið rannsóknarinnar var að kanna þá vernd sem íslensk löggjöf veitir tilteknum hópum fólks sem eru sérstaklega viðkvæmir fyrir mismunun af ýmsu tagi. Til samanburðar var litið til reglna Evrópusambandsins um jafnrétti og bann við mismunun, sérstaklega kynþáttajafnréttistilskipunar nr. 2000/43/EB og rammatilskipunar um jafnrétti á vinnumarkaði nr. 2000/78/EB. Íslensku rannsakendurnir kynntu niðurstöður rannsóknarinnar ásamt því að erlendir sérfræðingar á sviði jafnréttislöggjafar Evrópusambandsins vörpuðu ljósi á helstu álitaefni sem uppi eru á því sviði.

Markmið ráðstefnunnar var að draga upp heildarmynd af vernd gegn mismunun í íslenskum rétti og stöðu jafnréttislöggjafar innan Evrópusambandsins.

Erlendir fyrirlesarar voru Evelyn Ellis, lagaprófessor (á eftirlaunum) við University of Birmingham og University of Western Australia, Dr. Christa Tobler, prófessor við Europa Institutes of the Universities of Basel and Leiden, Uladzislau Belavusau, doktorsnemi við European University Institute í Flórens á Ítalíu, Victoria Chege, prófessor við University of Oldenburg, Helen Meenan, prófessor við Kingston University á Englandi, Dr. Kirsten Ketscher, prófessor við Copenhagen University of Copenhagen

department of Age and Gender, Daniel Borillo, prófessor við University of Paris Ouest, Jaime Rossell, prófessor við University of Extramadura.

Fyrirlesarar frá Íslandi voru Dr. Elvira Mendez-Pinedo, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Halldór Oddsson, héraðsdómslögmaður, Margrét Guðlaugsdóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri við lagadeild HÍ, Kristín Benediksdóttir, héraðsdómslögmaður og stundakennari við lagadeild HÍ, Brynhildur G. Flóvenz, dósent við lagadeild HÍ, Dóra Guðmundsdóttir, aðjúntk við lagadeild HÍ, og Dr. Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík.

Eins og sjá má af fjölda fyrirlesara var dagskráin þétt báða dagana og í lok dags fóru einnig fram umræður um viðfangsefni dagsins. Fundarstjóri fyrri daginn var María Thejll en framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu sá um fundarstjórn seinni daginn og samantekt í lok ráðstefnunnar.

Doktorsnemanámskeið um fullgildingu mannréttindasáttmála

Dagana 6. – 10. septembersóttu tæplega 20 doktorsnemar námskeið sem haldið var í Háskóla Íslands á vegum Mannréttindaskrifstofu Íslands og norsku mannréttindastofnunarinnar í samstarfi við regnhlífasamtökin Nordic School in Human Rights Research og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands. Námskeiðið bar heitið *Ættu ríki að fullgilda mannréttindasáttmála?*

Námskeiðið veitti doktorsnemunum tækifæri til að kynna sér það nýjasta í rannsóknum sem snúa að mannréttindum og einnig tækifæri til að kynna ritgerðir sínar fyrir fyrirlesurum sem rýndu í efni og efnistöð, og veittu þeim leiðsögn.

Meðal fyrirlesara í ár voru Dr. Oddný Mjöll Arnardóttir prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Andreas Føllesdal prófessor við Háskólann í Osló og framkvæmdastjóri rannsókna við norsku

mannréttindastofnunina, sem og þrír aðrir prófessorar frá Háskólanum í Osló, þau Anne-Julie Semb, Geir Ulfstein og Arild Underdal.

Þátttakendur, sem að þessu sinni voru flestir frá Norðurlöndunum og Eyrstrasaltsríkjunum, voru sammála um að vettvangur sem þessi væri afar hjálplegur þar sem nemar fá tækifæri til að kynna eigin rannsóknir í umhverfi þar sem virðing og umburðarlyndi ríkir meðal þátttakenda. Að mati þátttakenda endurspeglast þverfaglegur bakgrunnur þeirra í athugasemdum þeirra og gefur tóninn að uppbyggilegum, fjölbreyttum og fræðandi umræðum um aðferðir og sjónarhorn, auk þess sem doktorsnemanámskeið sem þessi væru hvatning til áframhaldandi rannsókna og mikilvæg fyrir myndun tengslaneta.

Rammatilskipun Evrópusambandsins um jafnrétti á vinnumarkaði og tilskipun um kynþáttajafnrétti

Mannréttindaskrifstofa Íslands, í samstarfi við Lögmannafélag Íslands, hélt námskeið ætlað lögfræðingum og dómurum um efnislegt inntak tilskipana Evrópusambandsins nr. 2000/78/EB og nr. 2000/43/EB. Starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur lagt til að þessar tilskipanir verði innleiddar í íslenskan rétt.

Einnig var fjallað um réttarstöðuna og samhengi beggja tilskipananna að íslenskum rétti, og enn fremur um tillögu að tilskipun sem ætlað er að kveða á um jafnrétti á grundvelli trúarbragða, fötlunar, aldurs og kynhneigðar utan vinnumarkaðar.

Kennarar á námskeiðinu voru Dr. Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík, og Lynn Roseberry, deildarforseti lagadeildar við Lagastofnun Viðskiptaháskólans í Kaupmannahöfn. Námskeiðið var styrkt af Progress-áætlun Evrópusambandsins og var það vel sótt.



Doktorsnemunum gafst tækifæri til að skoða sig um á Þingvöllum, og við Gullfoss og Geysi. Með þeim voru einnig leiðbeinendur á námskeiðinu, skipuleggjendur frá Noregi og starfsfólk Mannréttindaskrifstofu.



Navanthem Pillay sótti Íslendinga heim daginn fyrir Þjóðhátíðardaginn og talaði um eflingu og verndun mannréttinda og hlutverk Sameinuðu þjóðanna í því samhengi. Einnig ræddi hún um mikilvægi þess að setja á stofn þjóðbundna mannréttindastofnun.

Námskeið um UPR eða skýrslugerð frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda

Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofunnar sat námskeið í Ljubljana í boði Mannréttindafulltrúa SP, um hvernig staðið skyldi að skýrslugerð frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda vegna heildaryfirferðar á ástandi mannréttindamála í öllum aðildarríkjum SP (Universal Periodic Review – UPR). Þar var farið yfir uppbyggingu skýrslna og veittar ýmsar gagnlegar leiðbeiningar um efnistöð.

Stop trafficking and stand for Health

Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu tók þátt í pallborðsumræðum á lokaráðstefnu verkefnisins *Stop trafficking and stand for Health* sem styrkt var af Ráðherraráði Norðurlandaráðs og haldið utan um af Norræna Lýðheilsuskólanum og MARTA center í Riga í samstarfi við Stígamót. Ráðstefnan var haldin í Riga og tóku þátt í henni fulltrúar frá Alþjóðlegu heilbrigðismálastofnuninni ásamt fulltrúum stjórnvalda og samtaka frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum.

Hlutverk mannréttinda í þróunarmálum: ábyrgð og áhrif

Í byrjun nóvember hlaut Steinunn Pieper styrk frá Institute for Human Rights við Åbo Akademi háskólann í Åbo/Turku í Finnlandi til að sitja námskeið á vegum stofnunarinnar. Námskeiðið bar heitið *Intensive Course on the Role of Human Rights in Development: Impact and Responsibility*. Á námskeiðinu var farið yfir hlutverk mannréttinda í sögu þróunarhjálp, og einnig farið ítarlega í ýmsa hugmyndafræði mannréttindatengdrar þróunaraðstoðar, svo sem mat á

áhrifum hennar og gildi, réttindi barna og kvenna í ofangreindu samhengi og skyldur þjóða almennt á þessum vettvangi. Að lokum var fjallað um samþættingu mannréttindatengdrar þróunarhjálp og fjármála.

Á námskeiðinu voru um 35 manns hvaðanæva að úr heiminum og frá ýmsum vettvangi tengdum mannréttindum.

Fundir og viðburðir

Opinn fundur í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti

Mannréttindaskrifstofan hefur undanfarin ár tekið þátt í skipulagningu hátíðarfundar í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti sem Menningar- og friðarsamtök íslenskra kenna, MFÍK, stýra. Að venju var opinn fundur haldinn á sjálfan baráttudaginn 8. mars, að þessu sinni undir heitinu *Við getum betur*.

Fundurinn var haldinn í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur þar sem fram kom fjöldi fyrirlesara og einnig kvennakór Háskóla Íslands.

Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna – opinn fundur

Þann 16. júní sl. sótti mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, Navanthem Pillay, Ísland heim, og af því tilefni héldu Mannréttindaskrifstofa Íslands ásamt utanríkisráðuneytinu og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, opinn fund í Þjóðmenningarhúsinu. Á fundinum ræddi Navanthem Pillay um eflingu og verndun mannréttinda og hlutverk Sameinuðu þjóðanna í því samhengi. Hún talaði einnig um hvað vantaði upp á til þess

að setja á stofn þjóðbundna mannréttindastofnun, en Sameinuðu þjóðirnar mælast til þess af þjóðum að þær setji á stofn slíkar stofnanir. MRSÍ hefur lýst vilja sínum til að taka að sér hlutverkið, enda sinnir skrifstofan nú þegar flestu af því sem slíkar stofnanir gera.

Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, ávarpaði fundargesti, og fundarstjórn var í höndum Þóru Arnórsdóttur, fréttakonunni. Að loknu erindi sínu tók mannréttindafulltrúinn við spurningum úr sal. Aðsókn var góð og fylltu gestir bókasal hússins.

Navanethem Pillay hefur gegnt stöðu mannréttindafulltrúa SP í rétt tvö ár. Hún er frá Suður-Afríku, lögfræðingur að mennt. Á dögum aðskilnaðarstefnunnar tók Pillay að sér að verja baráttumenn gegn aðskilnaðarstefnunni og félagan í verkalyðsfélögum og þekkir því viðfangsefni sín af eigin raun. Hún hefur verið öflugur málsvari kvenréttinda og einn af stofnendum hinna alþjóðlegra félagasamtaka "Equality Now", sem berjast fyrir réttindum kvenna. Þá hefur Pillay starfað með fjölda félagasamtaka sem vinna m.a. að málefnum barna, fanga, fórnarlamba pyntinga og heimilisofbeldis, sem og að margskonar efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum.

Pillay hefur verið dómari við tvo af helstu stríðsglæpadómstólum heims. Hún var dómari við Alþjóðastríðsglæpadómstólinn vegna Rúanda í 8 ár og dómari við Alþjóðasakamáladómstólinn í Haag í 5 ár. Navanethem Pillay

er fimmti mannréttindafulltrúi SP frá því að embættið var stofnað 1993 en ríflega 1.000 starfsmenn í 50 löndum starfa hjá embættinu.

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

21. mars er alþjóðdagur gegn kynþáttamisrétti og í tengslum við þá dagsetningu er haldin Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti en þá koma þúsundir manna saman til að kveða niður kynþáttafordóma og misrétti í álfunni. Árið 2010 tóku 47 þjóðir í Evrópu þátt í átakinu gegn kynþáttamisrétti en samtök að nafni UNITED halda utan um Evrópuvikuna. Markmiðið með Evrópuvikunni hér á landi er að vinna gegn misrétti og fordómum ígarðfólksaferlendum uppruna á Íslandi. Mannréttindaskrifstofan heldur utan um verkefnið hérlandis og undanfarin ár hafa skrifstofan og ýmis ungmennasamtök unnið saman að skipulagningu vikunnar. Áhersla er lögð á fræðslu fyrir ungmenni innan samtakanna og vitundarvakningu í formi viðburða á opinberum stöðum, fyrir almenning í landinu.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna valdi 21. mars sem alþjóðdag gegn kynþáttamisrétti í minningu 69 mótmælenda sem myrtir voru þennan dag árið 1960 er þeir mótmæltu aðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku. Evrópuvikan miðar að því að uppræta mismunun, fordóma og þjóðernishyggju í álfunni og stuðla þannig að umburðarlyndu Evrópusamfélagsi þar sem allir eru jafnir, óháð útliti og uppruna.

Samstarfsaðilar Mannréttindaskrifstofu að þessu sinni voru



Yfirskrift Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti 2010, Njótum fjölbreytninnar, var prentuð á bæklinga, kort, boli og barmmerki. Hönnuður merkis og myndar Evrópuvikkunnar er Pétur Guðmundsson.



Þjóðkirkjan, deildir Rauða kross Íslands á höfuðborgarsvæðinu, Soka Gakkai Íslandi og SEEDS sjálfboðasamtök.

Fyrir viðburðinn hélt Mannréttindaskrifstofan hönnunarsamkeppni um mynd/merki Evrópuvikunnar með áherslu á þema ársins, sem ákvarðað er af UNITED samtökunum og var *Njótið fjölbreytninnar*. Margar tillögur bárust en hlutskarpastur varð Pétur Guðmundsson, grafískur hönnuður. Útbúnir voru bolir fyrir unglingana og einnig bæklingar, kort og barmmerki til dreifingar, en sjálfboðaliðar frá SEEDS eiga þakkir skyldar fyrir óeigingjarnt starf við að setja merkin saman.

Fimmtudaginn 18. mars stóðu ofangreind samtök að viðburðum gegn kynþáttamisrétti á þremur stöðum á landinu. Á höfuðborgarsvæðinu var viðburður haldinn í Smáralind og hófst hann á fjölbreyttri skemmtidagskrá.

Sirkus Íslandi var á staðnum og skemmti ungum jafnt sem öldnum með alls kyns kúnstum, Leifur Eiríksson breikari sýndi og kenndi breikdans við frábærar undirtektir ásamt tveimur breskum dönsurum, og nokkrar stúlkur á vegum Kópavogsdeildar Rauða krossins sungu eigin útsetningu á hinu fræga lagi Johns Lennon, *Imagine*. Í Smáralind var líka boðið upp á fjölmennningar-“twister“ og málverkagjörning. Unglingarnir gengu einnig um ganga verslunarklasans, buðu upp á fjölmenningspjal og gáfu þeim sem þau hittu sælgæti og barmmerki.

Á Akureyri mættust krakkar á Glerártorgi og kynntu fræðsluefni gegn mismunun fyrir vegfarendum á torginu ásamt því að sýna dans- og tónlistatriði. Á Ísafirði komu unglingarnir saman í verslunarmiðstöðinni Neista og spjölluðu við vegfarendur um fordóma og mismunun.

Birtingarmyndir kynþáttamisréttis eru ólíkar eftir löndum og menningarsvæðum en kynþáttamisrétti nær yfir vítt svið - allt frá fordómum til ofbeldisverka. Kynþáttamisrétti á Íslandi birtist helst í útlendingafælni og duldu fordómum gagnvart fólki af erlendum uppruna. Fordómarnir birtast einkum í hversdagslífinu - þegar talað er niður til þeirra sem ekki eru skilgreindir sem „hreinir“ Íslendingar; fólki er meinaður aðgangur að skemmtunum, það fær lakari þjónustu og atvinnu, er tortryggt og þarf jafnvel að þola að stjakað sé við því og hreytt í það ókvæðisorðum á almannafæri. Á síðasta ári voru málefni innflytjenda ofarlega á baugi og það er áhyggjuefni hversu mjög hefur borið á fordómum, útlendingafælni og þjóðernishyggju í umræðunni. Það er staðreynd að íslenskt samfélag er fjölmenningarlegt og því verður ekki breytt. Þátttaka ungmennanna í verkefninu og almenn þátttaka í hverjum viðburði fyrir sig er hvetjandi fyrir framhaldið.

Alþjóðadagur flóttamanna 20. júní

Sunnudaginn 20. júní á alþjóðadegi flóttamanna héldu Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði kross Íslands og



Mannréttindaskrifstofa og Rauði kross Íslands settu upp tjald á Ingólfstorgi og nutu til þess aðstoðar Reykjavíkurborgar. Á staðnum voru bæklingar og annað með upplýsingum um flóttamenn og hælisleitendur, og einnig voru skipuleggjendur til reiðu til að svara spurningum gesta og fjölmíðla.



Í tjaldinu var boðið upp á ýmis konar mat m.a. frá Kólumbíu og Afganistan. Fyrir utan spilaði hljómsveit og söng, og nokkrir fengu sér snúning á torginu.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hátíð á Ingólfstorgi í Reykjavík með það fyrir augum að vekja athygli á stöðu flóttafólks í heiminum almennt, og á Íslandi.

Hátíðin var skipulögð í samstarfi við hælisleitendur og flóttafólk, og var boðið upp á veitingar, tónlist, dans, og einnig kaffi í boði Café París. Veitingarnar, sem voru frá ýmsum löndum, voru afar ljúffengar, og var örtröð í tjaldinu þar sem listakokkar úr röðum flóttamanna og hælisleitenda skömmtuðu mat frá m.a. Afganistan, Kólumbíu og Indlandi.

Á alþjóðadegi flóttamanna eru skipulagðir viðburðir um allan heim, með mismunandi yfirskrift ár frá ári. Heimili var yfirskrift alþjóðadags flóttamanna 2010. Áherslan var á raunir þeirra ríflega 40 milljóna karla, kvenna og barna sem neyðst hafa til að yfirgefa heimili sín vegna átaka, ofbeldis eða annarra aðstæðna.

Hér á Íslandi var leitast við að vekja almenning til umhugsunar um vanda flóttafólks en einnig mannauð. Fólki hættir til að líta á flóttafólk einungis sem fórnarlömb sem þarfnast hjálpar en það vill gleymast að það tekur einnig virkan þátt í byggja hér betra samfélag og hefur auðgað íslenska menningu og mannlíf.

Á fyrstu sex mánuðum ársins 2010 sóttu alls 17 einstaklingar frá tólf ríkjum um hæli á Íslandi sem flóttamenn, samkvæmt upplýsingum frá Rauða krossi Íslands. Af þeim dró einn einstaklingur umsókn sína til baka

en Útlendingastofnun veitti einum umsækjanda réttarstöðu flóttamanns. Fimmtán umsóknir voru enn til meðferðar hjá stofnuninni í lok júní 2010. Á árinu komu tvær flóttafjölskyldur frá Kólumbíu í boði stjórnvalda.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi má rekja aftur til ársins 1991. Í ár fögnuðu Mannréttindaskrifstofa Íslands og samstarfsaðilar hennar því 20 ára afmæli átaksins á heimsvísu. Dagsetning átaksins, frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags, var valin til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Ár hvert er lagt upp með nýtt þema og árið 2010 beindist athygli 16 daga átaksins á Íslandi að ábyrgð gerenda í ofbeldismálum.

Auk Mannréttindaskrifstofunnar stóðu UNIFEM, Jafnréttisstofa og KRFÍ að viðburðum í tilefni af áttakinu, en fleiri samtök komu að almennu skipulagi. Átakið hófst með Ljósagöngu sem UNIFEM skipulagði en gangan er orðin að árlegum viðburði. Gengið var frá Þjóðmenningarhúsinu að Sólfari við Sæbraut með nokkra vel valda kyndilbera í broddi fylkingar, en öllu göngufólki gafst kostur á að kaupa kyndla til að bera í göngunni.

Kyndilberar í ár voru Steingrímur J. Sigfússon

Gerður Kristný Guðjónsdóttir las úr bók sinni fyrir hóp fólks sem kom saman í setustofu Bíós Paradís í tilefni af 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Vilborg Davíðsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir lásu einnig upp úr verkum sínum, og Auður Alfífa Ketilsdóttir, Lísbet Harðar Ólafardóttir og Þóra Karítas Árnadóttir lásu valda kafla úr þýddum verkum. Allar fjölluðu bækurnar um ofbeldi gegn konum á einn eða annan hátt.





Nokkrir gestanna í Bíó Paradís við upphaf dagskrár í tengslum við 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

fjármálaráðherra, Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra, Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Ögmundur Jónasson dómsmála- og mannréttindaráðherra, Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðis, Ragnhildur Gísladóttir, Auður Jónsdóttir rithöfundur, Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta, Sigurlaug Viborg forseti Kvenfélagasambands Íslands, og nemendur Jafnréttisskólans.

Mannréttindaskrifstofan skipulagði bókaupplestur í samstarfi við Bíó Paradís en þar lásu höfundar og aðrir úr bókum sem allar fjölluðu um kynbundið ofbeldi á einn eða annan hátt. Gerður Kristný Guðjónsdóttir las upp úr nýrri ljóðabók sinni Blóðhöfnir, Auður Alfífa Ketilsdóttir las úr Slæðusvipingum í fjarveru höfundar, Höllu Gunnarsdóttur, Vilborg Davíðsdóttir las úr bók sinni Korkusaga, og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir las úr verðlaunabók sinni, Á mannamáli. Þóra Karítas Árnadóttir las einnig úr Hreinsun eftir Sofi Oksanen, og Lísbet Harðar Ólafardóttir las úr Ég er Nojoud, 10 ára – fráskilin eftir Delphine Minoui.

Þó að staða íslenskra kvenna sé sterk á mörgum sviðum þá er kynbundið ofbeldi alvarlegt vandamál hér á landi, eins og tölulegar upplýsingar leiða glögg í ljós. Upplýsingar frá Kvennaathvarfinu frá árinu 2009 sýna að það árið leituðu þangað 605 konur, en frá upphafi hafa 9,410 konur komið í athvarfið. Árið 2009 leituðu 539 einstaklingar til Stígamóta, og frá upphafi samtakanna til ársloka 2009 höfðu alls 4,918 konur leitað til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis sem þær höfðu verið beittar. Sú tala jafngildir 3,1% íslenskra

kvenna á sama tímabili. Í árskýrslu sinni vekja Stígamót sérstaka athygli á því að aðeins 18,1% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2009 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu – það þýðir að í rúmum 80% tilvika þekkti brotapolinn ofbeldismanninn. Eiginmaður, fyrrverandi eiginmaður, kærasti, faðir, frændi, bróðir, vinur - af þeim stafar íslenskum konum helsta hættan. Ofbeldi gegn konum þrífst á Íslandi sem annars staðar, og það þrífst hvergi eins vel og í skjóli heimila, upplýsingaskorts, þöggunar og aðgerðaleysis. Reynslan frá nágrannalöndum sýnir að kynbundið ofbeldi eykst á tímum kreppu á meðan almennum líkamsárásam fækkar. Ofbeldi verður minna sjáanlegt en það hverfur ekki af heimilunum. Með árlegu 16 daga átaki er hvatt til opinna og hispurslausrar umræðu, sem leið til vitundarvakningar meðal almennings og frekari aðgerða í kjölfarið.

Önnur samstarfsverkefni

Allar heimsins konur

Mannréttindaskrifstofan tekur þátt í verkefnum hóps sem kallast Allar heimsins konur. Hópurinn samanstendur af konum frá ýmsum stofnunum og samtökum og vinnur að því að deila upplýsingum og þekkingu á stöðu erlendra kvenna í íslensku samfélagi og að auka gagnkvæma aðlögun. Í hópnum sitja m.a. fulltrúar frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða,

verkalýðshreyfingunni og frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna (WOMEN).

Framlag til funda og málstofa

Óskað var eftir að framkvæmdastjóri sæi um fundarastjórn á ýmsum fundum á árinu.

- Lokaður fundur sem skipulagður var af nemum hjá þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og fjallaði um stöðu verst settra innflytjenda.

- Framboðsfundur teymis um málefni innflytjenda, samráðsvettvangur stofnana ríkis og sveitarfélaga, fyrirtækja og frjálsra félagasamtaka sem vinna að málefnum innflytjenda og hefur starfað síðan 1995. Fundurinn bar yfirskriftina Hvað hyggst þinn flokkur gera í málefnum innflytjenda? Fulltrúar framboða til borgarstjórnar héldu stutt erindi þar sem þeir leituðust við að svara eftirfarandi spurningum: 1) Hvernig ætlar þitt framboð að fylgja eftir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda? 2) Hvaða verkefni eru brýnust í því samhengi og hvers vegna? 3) Hvernig viljið þið sjá þjónustu við innflytjendur og fjölskyldur þeirra í framtíðinni?

- Framboðsfundur ÖBÍ. Oddvitar í framboðum til sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu svöruðu spurningum um áherslur þeirra og forgangsröðun í málefnum fatlaðra, og þá sérstaklega um yfirfærslur á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga, en það mál skipti ÖBÍ hvað mestu máli.

- Fundur HÍ: Drekk af sundlaugarverðinum. Fyrirlestur sem byggðist á meistaraverkefni Önnu Pálu Sverrisdóttur. Í fyrirlestrinum fjallaði Anna Pála um kynferðisofbeldi friðargæsluliða gagnvart konum og börnum sem þeim er ætlað

að vernda, og bar upp spurninguna hver sé réttur kvenna og barna á friðargæslusvæðum gagnvart kynferðisofbeldi friðargæsluliða.

- Lokaður fundur í Utanríkisráðuneytinu þar sem frjáls félagasamtök hittu Mannréttindafulltrúa Sp., en síðar sama dag var opinn fundur með mannréttindafulltrúanum í Þjóðmenningarhúsinu, eins og greint var frá hér að ofan.

Auglýsingaherferð gegn mismunun

Í árslok lagði Mannréttindaskrifstofan í auglýsingaherferð gegn mismunun í samvinnu við Fiton auglýsingastofu. Gerðar voru sjö mismunandi útvarpsauglýsingar sem voru spilaðar á öllum helstu útvarpsstöðvum landsins frá 25. nóvember til 5. desember.

Auglýsingarnar líktust dæmigerðum lesnum auglýsingum á útvarpsmiðlum sem þjóðin treystir. Pulurinn las sakleysislegan texta sem kom á óvart í lokin og ögraði hlustendum, en innan marka þó. Þeim var ætlað að benda á fáránleika mismununar og sem dæmi um texta úr einni auglýsingunni má nefna þá sem fjallaði um mismunun á grundvelli kynferðis: *Háseta vantar á bát. Háseta vantar á bát. Ertu hörkuduglegur. Ertu nokkuð kelling? Sæktu um á fjarufelag.is. Fjörufélagið – Sjávarútvegur í þína þágu.*

Önnur auglýsing tók fyrir mismunun á grundvelli uppruna: *Vegna sterkrar verkefnastöðu viljum bæta við okkur hæfu starfsfólki. Ef þú ert harðduglegur, tilbúinn í mikla vinnu og ekki hörundsökkur eða neitt svoleiðis, þá hvetjum við þig til að sækja um. Stál og steypa.*

Öllum auglýsingunum lauk á orðunum: *Mismunun er*



Bæklingur með gagnlegum upplýsingum fyrir konur af erlendum uppruna var býddur á sex tungumál.

staðreynd. *Berjumst gegn henni og fögnum fjölbreytninni.*
Mannréttindaskrifstofa Íslands og Progress áætlunin.

Mannréttindafræðsla

Mannréttindaskrifstofan sinnti ýmiss konar fræðslu um mannréttindi svo sem verið hefur. Meðal annars voru haldnir fyrirlestrar fyrir nemendur við Háskólann á Hvanneyri, Háskóla Íslands, í Endurmenntun HÍ og Flensburg. Einnig var haldinn fyrirlestur um innflytjendamál fyrir starfsfólk Háskóla Íslands og starfsmönnum félagsmálaráðuneytis veitt fræðsla um mismununartilskipanir ESB.

Mannréttindakennsluefni

Human Rights Reference Handbook

Eitt markmiða Mannréttindaskrifstofunnar er að stuðla að útgáfu og dreifingu kennsluefnis um mannréttindi. Þýðingasjóður og dómsmálaráðuneyti veittu MRSÍ styrk til að þýða og staðfæra hluta bókarinnar *Human Rights Reference Handbook* sem gefin var út af ríkisstjórn Hollands og Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna. Bókin hefur verið notuð til kennslu í háskólanum í Utrecht og er hentug fyrir fagaðila, framhaldsskóla, félagsamtök og háskólastofnanir.

Vefleikurinn *Against all Odds - Flótti*

Rannsóknir sýna að vaxandi fordóma gætir hjá ungu fólki gagnvart flóttamönnum og hælisleitendum, og útlendingum almennt, og því er brýnt að ungmenni fái fræðslu um hvað felist í því að fá stöðu flóttamanns, aðra menningarheima og þær aðstæður sem fólk er helst að flýja í heimalandinu.

Mannréttindaskrifstofan og Rauði kross Íslands, í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, létu þýða vefleikinn *Against All Odds* árið 2007, en hann hefur nú verið þýddur á fjölda tungumála. Leikurinn hefur hvarvetna vakið mikla athygli en t.d. spiluðu meira en 45.000 manns hann fyrstu tvær vikurnar eftir að þýskri útgáfu hans var hleypt af stokkunum. Leikurinn, sem fengið hefur nafnið *Flótti* á íslensku, er ætlaður ungmönnum á aldrinum 13–16 ára og veitir þeim sýn inn í veruleika flóttamanna og þá lífsbaráttu sem þeir þurfa að heyja í heimalandi sínu, á flótta og við að aðlagast nýju samfélagi. Leikurinn er því ekki einungis gagnlegur til fræðslu um flóttamenn heldur einnig í almennri mannréttinda- og fjölmeningarkennslu.

Flótta er skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hluta setur leikmaðurinn sig í spor flóttamannsins með því að spila gagnvirkan tölvuleik. Í öðrum hluta er hægt að skoða fróðleg viðtöl og greinar um mannréttindi og málefni tengd flóttamönnum. Þriðji hlutinn er kennarahandbók þar sem má nálgast verkefni tengd leiknum. Í lok leiksins getur leikmaðurinn síðan prófað vitneskju sína með því að taka stutt þekkingarpróf.

Útgefið efni

Ragnarsbók

Mannréttindaskrifstofa Íslands og Hið íslenska bókmenntafélag, í samvinnu við Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík, gáfu út Ragnarsbók - fræðirit til heiðurs Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, í tilefni af útgáfu bókarinnar varmóttaka haldin í Þjóðmenningarhúsinu,

Tilgangur ritsins *Bann við mismunun* er að kynna tilskipanir ESB um jafnrétti óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú/lífsskoðun, aldri, fötlun og kynhneigð og þá hugmyndafræði sem þar liggur að baki.





Ragnar Aðalsteinsson hrl., ásamt Margréti Heinreksdóttur, fyrrv. framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu, og Ágústi Þór Árnason, fulltrúi Háskólans á Akureyri í stjórn skrifstofunnar, í útgáfuteiti í tilefni af útgáfu Ragnarsbókar.

föstudaginn 2. júlí sl., þar sem Ragnar var afhent eintak af bókinni.

Nokkrir höfunda bókarinnar og fjöldi annarra boðsgesta voru viðstaddir athöfnina. Oddný Mjöll Arnardóttir, formaður stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands og prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, ávarpaði gesti og afhenti Ragnar bókina. Að því loknu hlýddu gestir á ávarp Ragnars og var síðan öllum boðið að glugga í ritið, sem er einkar veglegt.

Ragnarsbók inniheldur ritgerðir á sviðum tengdum þjóðarétti, mannréttindum og réttarríkinu eftir valinkunna innlenda og erlenda fræðimenn. Hluti greinanna byggir á erindum sem flutt voru á Ragnarsstefnu sem Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri stóð fyrir í tilefni afmælis Ragnars árið 2006. Ritið er um 300 bls., vandað og veglegt í alla staði.

Bann við mismunun

Jafnrétti er hornsteinn mannréttinda. ... Þó eru réttindi tiltekinna hópa brotin um allan heim ... Ljóst er að þörf er á heildstæðri íslenskri jafnréttislöggjöf sem bannar mismunun á breiðum grunni. Taka þarf á fjölbættri mismunun og kveða á um eftirlit í formi virkrar eftirlitsstofnunar ásamt raunhæfum, áhrifaríkum viðurlögum sem hafa forvarnargildi. Tilskipanir ESB kveða á um lágmarksréttindi en þær eru mikilvægt leiðarhnoða sem jafnréttislöggjöf í mestalli Evrópu byggir á. ... Til þess að geta beitt sér í þágu jafnréttis er brýnt að fólk þekki rétt sinn og skyldur og viti hvað felst í banni við mismunun.

Þannig hljóða fyrstu orð handbókarinnar *Bann við*

mismunun sem Mannréttindaskrifstofa gaf út fyrir skemmstu. Tilgangur ritsins er að kynna tilskipanir ESB um jafnrétti óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú/lífsskoðun, aldri, fötlun og kynheigð og þá hugmyndafræði sem þar liggur að baki.

Höfundur er Guðrún Dögg Guðmundsdóttir og handbókina má nálgast á skrifstofu Mannréttindaskrifstofunnar og á sérvefnum: www.mannrettindi.is/bann-vid-mismunun.

Mannréttindaskrifstofa gefur handbókina út með styrk frá PROGRESS, jafnréttis- og vinnumálaáætlun Evrópusambandsins.

Réttur þinn - mikilvægar upplýsingar fyrir erlendar konur á Íslandi

Jafnréttisstofa gaf út bækling með mikilvægum upplýsingum fyrir erlendar konur á Íslandi. Bæklingurinn ber nafnið *Réttur þinn* og er gefinn út á íslensku, ensku, pólsku, spænsku, thaíslensku, rússnesku og arabísku.

Í honum má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar varðandi íslenskt samfélag og réttarkerfi. Upplýsingar um jafnrétti kynjanna, dvalarleyfi, hjónabönd, skilnað, forsjármál, umgengnismál, fjármál, ofbeldi í nánnum samböndum og hótanir. Þar má einnig finna vísanir í frekari upplýsingar um aðstoð, svo sem símanúmer, heimilisföng og heimasíður ýmissa stofnanna og félagasamtaka.

Efni bæklingisins og útgáfa hans er styrkt af Progress-áætlun Evrópusambandsins og Próunarsjóði innflytjendamála og unnin í samstarfi við Stígamót, Mannréttindaskrifstofu og fleiri stofnanir og félagasamtök



Starfsfólk Mannréttindaskrifstofu, Kolbrún Birna Árdal og Margrét Steinarsdóttir, afhenda Péttri Guðmundssyni, vinningshafa í hönnunarkeppni ársins, verðlaun og stuttermabol með eigin hönnun.



Hópur ungmenna og meðlimir í Sirkus Ísland fá leiðsögn í breik-dansi frá Leifi Eiríkssyni, breikdansara.

til þess að tryggja að allar þær upplýsingar sem þörf er á væru til staðar í bæklingnum.

Bæklingurinn var bæði prentaður og gefinn út rafrænt til þess að auðvelda útbreiðslu og aðgengi. Hægt er að nálgast bæklinginn rafrænt á síðum Mannréttindaskrifstofu og Jafnréttisstofu.

Fjölmiðlar og opinber umræða

Að venju leituðu fjölmiðlar talsvert til Mannréttindaskrifstofu vegna mannréttindamála. Framkvæmdastjóri veitti m.a. viðtal um stöðu erlendra kvenna á Íslandi, Evrópuviku gegn rasisma, innflytjendamál, mansal o.fl.

Styrkir til rannsókna og fleira

PROGRESS

Mannréttindaskrifstofan hélt utan um styrkt verkefni PROGRESS-áætlunar ESB fyrir árin 2009-2010 á Íslandi, og var það í annað sinn sem skrifstofan tekur það að sér. Meginmarkmið áætlunarinnar er að veita fjármagni til verkefna sem stuðla að því að markmiðum Evrópusam-bandsins á sviði jafnréttis-, félags- og vinnumála, sem tilgreind eru í Lissabon-áætluninni, verði náð.

Velferðaráðuneytið hefur umsjón með PROGRESS héraendis. Markmið Lissabon-áætlunarinnar er að: auka samkeppnishæfni evrópsks vinnumarkaðar, með áherslu á þekkingariðnað, að skapa fleiri og betri störf innan Evrópu, stuðla að samfélagi án mismunar.

Áætlunin skiptist í fimm svið: Atvinnumál, vinnuvernd, stuðning við markmið um félagslega velferð og aukna þátttöku jaðarhópa í samfélagi., jafnrétti kynjanna og aðgerðir sem vinna gegn mismunun og stuðla að samfélagi án aðgreiningar. Markmið verkefnisins er að stuðla að fjölbreytileika samfélagsins í heild með sérstaka áherslu á að vinna gegn mismunun vegna aldurs, kynhneigðar, trúar, uppruna eða kynþáttar og fötlunar. PROGRESS-áætlunin styrkir m.a. rannsóknir, alþjóðleg samstafsverkefni, verkefni sem stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu, félagasamtök og stofnanir og fyrirmyndarverkefni.

Verkefni PROGRESS stuðla að framkvæmd tveggja tilskipana ESB: 2000/43/EB um jafna meðferð án tillits til kynþáttar eða þjóðernisuppruna og 2000/78/EB þar sem fjallað er um jafna meðferð launþega og starfsmanna.

Styrkt verkefni fyrir árið 2010 voru fjölbreytt, t.d. útgáfa bóka og bæklinga, útvarpsauglýsingaherferð, ráðstefnur og rannsóknir.

Réttarstaða aldraðra

Mannréttindaskrifstofan hlaut styrki frá ýmsum aðilum til að



Árið 2010 voru haldnir viðburður tengdir Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti í 47 þjóðlöndum. Á Íslandi tók fjöldi ungmenna frá ýmsum samtökum víðsvegar um landið þátt í viðburðum tengdum Evrópuvikunni.

Á myndinni er hluti af hópnum sem tók þátt í viðburðum höfuðborgarsvæðisins sem haldnir voru í Smáralind.

vinna rannsóknarverkefni um mannréttindi aldraðra á Íslandi. Nokkuð hefur borið á umræðu um bág kjör eldri borgara á Íslandi undanfarin ár og takmarkaða möguleika þeirra til að vera virkir þátttakendur og njóta gæða samfélagsins til jafns við yngra fólk. Markmið verkefnisins er að vekja almenning til umhugsunar um réttindi aldraðra og manngildi og draga úr fordómum yngra fólks gagnvart þeim eldri. Bókin *Réttarstaða aldraðra* sem gefin verður út sem hluti verkefnisins mun jafnframt nýtast til kennslu á háskólastigi, fyrir fagfólk og til upplýsingar fyrir aldraðra og aðstandendur um réttindi og hvernig hægt er að leita þeirra.

Nauðsynlegt var að uppfæra ýmsa kafla í bókinni og veitti Mannréttindaráð Reykjavíkur styrkt til þess. Hófst vinna við uppfærslu á árinu og ætlunin er að ritið verði gefið út á næsta starfstímabili skrifstofunnar.

Réttarstaða transgender fólks á Íslandi

Sandra Lyngdorf, Kolbrún Birna Árdal, Erna Sif Jónsdóttir og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, fyrrv. framkvæmdastjóri MRSÍ, hófu rannsókn á réttarstöðu transgender fólks á Íslandi árið 2007.

Rannsókninni var ætlað að greina hvaða örðugleika transgender fólk glímir við á Íslandi og koma með tillögur að umbótum, einkum hvað varðar löggjöf.

Fyrirhugað er að birta niðurstöður rannsóknarinnar á næsta

starfstímabili, fáist styrkur til útgáfunnar til uppfærslu og útgáfu ritsins.

Mannréttindi og viðskipti

Í kjölfar kreppunnar beinast sjónir manna í auknum mæli að því hvernig félagslegri ábyrgð fyrirtækja er háttað, mannréttindum á vinnustað og þeim mannréttindareglum sem æskilegt er að fyrirtæki hafi til hliðsjónar í starfsemi sinni. Mannréttindaskrifstofan hefur um nokkurt skeið unnið að gerð fræðslupakka sem ætlaður er íslenskum fyrirtækjum, annars vegar með stjórnendum í huga og hins vegar almenna starfsmenn.

Í kjölfar hruns íslenska efnahagskerfisins hefur umræða um óábyrga, og í sumum tilvikum sviksamlega starfshætti íslenskra fyrirtækja aukist til muna. Í þeirri uppbyggingu sem fyrir liggur er brýnt að gerð verði aukin krafa um samfélagslega ábyrgð íslenskra fyrirtækja. Mannréttindaskrifstofan vinnur því að gerð kynningarbæklings um samfélagsábyrgð.

Bæklinginn unnu Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, Hlynur Ársælsson og Sólveig Stefánsdóttir. Hann fjallar um hugmyndafræði samfélagsábyrgðar, hag fyrirtækja af því að tileinka sér ábyrga starfshætti, tengsl mannréttinda og viðskipta o.fl. Verið er að leita styrkja en kreppan setti strik í reikninginn hjá þeim aðilum sem hugðust fjármagna útgáfuna. Enn hefur ekki fengist styrkur til útgáfunnar.

ERLENT


samstarf

Mannréttindaskrifstofan hefur á tímabilinu dregið úr þátttöku sína í alþjóðlegu mannréttindastarfi vegna kostnaðar. Skrifstofan er meðlimur í samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, samtökum mannréttindastofnana í Evrópu (AHRI) og samtökum er berjast fyrir framgangi viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi þar sem komið verði á kæruleið fyrir einstaklinga, skrifstofan er meðlimur í UNITED samtökum er berjast gegn kynþáttamisrétti og skrifstofan er meðlimur í ESC-net sem vinnur að framgangi efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan einnig meðlimur í FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni. Skrifstofan er fulltrúi Íslands í stýrihópi norræns átaks sem ætlað er að bæta stöðu hælisleitenda á Norðurlöndum.

Human Rights Education Project

Mannréttindaskrifstofan leiðir nú vinnu í alþjóðlegu fræðsluverkefni, *Human Rights Education Project* (HREP) samstarfsverkefni Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna og ríkisstjórnar Hollands. Verkefnið er m.a. styrkt af UNESCO. Verkefnið samanstendur af þremur bókum og margmiðlunardiski.

Fyrsti hluti verkefnisins er *The Human Rights Reference Handbook*, yfirlitsverk um mannréttindahugtök, dóma og hin alþjóðlegu kerfi sem stuðla að vernd mannréttinda. Annar hluti verkefnisins er *Human Rights Instruments*, samantekt samninga, alþjóðlegra yfirlýsinga og ýmissa skjala sem við koma mannréttindum. Þriðji hluti verkefnisins *Universal and Regional Human Rights Protection; Cases and Commentaries*, inniheldur dómaútdrætti og umfjöllun um ákvarðanir Mannréttindanefndar Sp,



Á árinu kom út níunda útgáfa af Human Rights Instruments og fimmta útgáfa af Human Rights Reference Handbook.

Mannréttindadómstóls Evrópu, Ameríku-dómstólsins og Afrísku Mannréttindanefndarinnar. Margmiðlunardiskurinn *Human Rights Ideas, Concepts and Fora*, inniheldur bækurnar þrjár auk samninga, dóma og ítarefnis.

Á árinu komu út níunda útgáfa *Human Rights Instruments* og fimmta útgáfa af *Human Rights Reference Handbook*.

Heimasíða HREP

Mannréttindaskrifstofan heldur úti vefsetri um mannréttindi á ensku sem byggir á efni úr *Human Rights Education Project*. Í vefsetrinu er að finna fjölbreytt efni um ýmis mannréttindamál: alþjóðlegar mannréttindastofnanir, dóma og úrskurði alþjóðlegra eftirlitsstofnana, efni um réttindi tiltekinnna hópa, efni um tengsl mannréttinda og annarra málaflokka, o.fl.

AHRI - The Association of Human Rights Institutes

Eins og áður kom fram var árleg ráðstefna AHRI samtakanna haldin á Íslandi í október 2010, og var hún jafnframt sú tíunda í röðinni.

Aðsetur AHRI er nú hjá norsku mannréttindastofnuninni í Osló. Formaður er Nils A. Butenschøn, framkvæmdastjóri stofnunarinnar. Eftirfarandi 32 stofnanir eiga nú aðild að AHRI:

- Belgrade Centre for Human Rights, Serbíu og Svartfjallalandi;
- Centre for Human Rights, Central European University, Búdapest, Ungverjalandi;
- Centre for International Human Rights, Institute of Commonwealth Studies and Human Rights Consortium, School of Advanced Study, University of London, Bretlandi;
- Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi;
- Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi;
- Chr. Michelsen Institute, Noregi;
- Danska mannréttindaskrifstofan;
- Erik Castrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi;
- European Training- and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki;
- Human Rights and Social Justice Research Institute, London Metropolitan University, Bretlandi;
- Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi;
- Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Norður Írlandi;
- Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi;
- Human Rights Observatory / Observatoire des Droits de l'Homme, University of Luxembourg, Lúzenborg;
- Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finnlandi;
- Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu;
- Institute of Human Rights, University of Latvia; Lettlandi;
- Institute for Minority Rights, European Academy (EURAC), Bozen, Ítalíu;
- Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Galway, Írlandi;
- Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki;
- Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi;
- Mannréttindaskrifstofa Íslands;
- Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Háskóla Íslands, Reykjavík, Íslandi.
- Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht, Hollandi;
- Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo, Noregi;
- Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Póllandi;
- Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Lund, Svíþjóð;
- The Research Group Law and Development, University of Antwerpen, Belgíu;
- Riga Graduate School of Law, Lettlandi;

- Transitional Justice Institute, University of Ulster, Jordanstown/Magee, Bretlandi;
- University of Zürich Competence Centre for Human Rights, Sviss;
- Þýska mannréttindastofnunin.

Sameinuðu þjóðirnar

Mannréttindaskrifstofa Íslands, Barnaheill og Unicef á Íslandi unnu í sameiningu viðbótarskýrslu við skýrslu stjórnvalda til Barnaréttarnefndar Sp. Var leitast við að gera heildstæða úttekt á stöðu barna á Íslandi og gera tillögur að spurningum og ábendingum til stjórnvalda.

Í skýrslunni er m.a. bent á að þó gerðar hafi verið tvær aðgerðaáætlanir, annars vegar um barnavernd og hins vegar um aðgerðir til að bæta stöðu barna og ungmenna, hafi aðeins lítill hluti þessara áætlana komist til framkvæmda. Þar segir og, að þrátt fyrir að til sé heildarstefna í málefnum innflytjenda, þar sem nokkrir liðir fjalli sérstaklega um börn innflytjenda, hafi fátt eitt komið til framkvæmda. Í skýrslunni eru stjórnvöld einnig hvött til að gera kynningu og fræðslu um Barnasáttmálann markvissari og öflugri og að taka mið af hagsmunum barna og hlusta eftirskoðunum þeirra, t.d. í forsjár- og umgengnisréttarmálum. Í skýrslunni er breytingum á barnaverndarlögum sem banna alfarið líkamsrefsingar fagnað en jafnframt líst áhyggjum af fjölgun þeirra mála sem tilkynnt eru til barnaverndaryfirvalda. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að stjórnvöld séu vakandi fyrir áhrifum efnahagskreppunnar á börn og barnafjölskyldur og að börn efnaminni foreldra hafi jafnan aðgang að tómstundastarfi, skólamáltíðum, leikskóla, heilbrigðisþjónustu, o.s.frv. Stjórnvöld eru jafnframt hvött til

að fullgilda Haag-samninginn um alþjóðlega ættleiðingu og að huga sérstaklega að hagsmunum barna sem eru vitni að heimilisofbeldi. Loks eru stjórnvöld hvött til að tryggja öllum börnum fullnægjandi heilsugæslu, að finna leiðir til að sporna við brottfalli barna af erlendum uppruna úr skólum, að tryggja að fatlaðir hafi sömu tækifæri til náms, hvar sem þeir búa á landinu og að veita nægu fjármagni til þeirra úrræða sem ætluð eru til aðstoðar eða verndar börnum.

Unnið var að skýrslu til Mannréttindanefndar Sp vegna UPR, en úttekt á stöðu mannréttindamála á Íslandi fer fram í október 2011.

Evrópuráðið

Upplýsingaskrifstofa Evrópuráðsins

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur um árabil séð um að senda Upplýsingaskrifstofu Evrópuráðsins um mannréttindamál skýrslu um dómaframkvæmd og lagasetningu á Íslandi er tengjast Mannréttinasáttmála Evrópu. Þer skrifstofunni að skila árlega úrdráttum úr dómum og lögum er tengjast MSE og er þetta efni birt í árbók upplýsingaskrifstofunnar.

Evrópusambandið

Mannréttindaskrifstofa á fulltrúa í COST-verkefninu og Evrópusambandsverkefninu Non-discrimination and diversity training hér á landi, í samvinnu við Migration Policy Group og European Human Consultancy. Verkefnið felur í sér þjálfun fyrir launþegahreyfinguna og félagasamtök til að auka



þekkingu þeirra á tilmælum Evrópusambandsins á sviði fjölmenningar og jafnréttis og íslenskrí löggjöf gegn mismunun.

NORRÆNT SAMSTARF

[Nordic Journal of Human Rights](#)

Nordic Journal of Human Rights, áður Mennesker og Rettigheter, er norrænt tímarit um mannréttindamál, gefið út í Noregi í samstarfi norrænu mannréttindastofnananna. Fræðiritið, sem Torkel Opsahl stofnaði árið 1982 er þverfaglegt; fjallað er um mannréttindamál á breiðum grunni en lögð er áhersla á hágæðafræðigreinar á ensku og Norðurlandamálum. Mannréttindaskrifstofan á fulltrúa í útgáfustjórn og ritstjórn. Oddný Mjöll Arnardóttir, formaður stjórnar Mannréttindaskrifstofu, er fulltrúi í ritnefnd blaðsins og einnig fulltrúi skrifstofunnar í útgáfuráði.

[Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum](#)

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum, sem áður nefndist Norræna rannsóknarnetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin. Þar á að kortleggja rannsóknir, sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök áhersla verður lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum.

[Norrænir samráðsfundir um mannréttindamál](#)

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í árlegum samráðsfundi norrænna stjórnvalda og mannréttindastofnana og reglulegum samráðsfundum framkvæmdastjóra norrænna mannréttindastofnana. Fundurinn er gjarnan haldinn fyrir fundi mannréttindaráðs Sp en tilgangurinn er að stilla saman strengi fyrir ráðið. Norrænu mannréttindastofnanirnar

nýta þessa fundi til að koma áherslumálum sínum á framfæri og reyna að hafa áhrif á, og fræðast um stefnumið stjórnvalda í tilteknum mannréttindamálaflokkum.

Síðasti fundur var haldinn á sama tíma og AHRI ráðstefnan. Framkvæmdastjóri veitti fulltrúa dönsku mannréttindastofnunarinnar upplýsingar um stöðu samkynhneigðra og transfólks á Íslandi.

